



Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. janúar 2020

1912002HA GG/vrh
Málalýkill: 30.21

Efni: Umsögn um tillögu þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 og tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034

Á fundi stjórnar Hafnasambands Íslands sem haldinn var 20. janúar 2020 var lagt fram erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 9. desember 2019, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024, 434. mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034, 435. mál.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn Hafnasambands Íslands telur mikilvægt að haldið verði áfram að auka framlag til framkvæmda í höfnum í gegnum hafnabótasjóð. Athygli vekur að í upptalningu framkvæmda og umfjöllun er ekki getið framkvæmda í nokkrum höfnum þ.e. höfnum Fjarðabyggðar, Hafnarfirði, Kópavogi og Faxaflóahöfnum. Tilgreint er í langtímaáætluninni að þær hafnir annist framkvæmdir fyrir eigið aflafé. Í samgönguáætlun til ársins 2024 er kemur hins vegar eftirfarandi fram: Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. hafnalaga skal framlag ríkissjóðs ekki raska ótilhlýðilega samkeppni milli hafna samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Eftirtaldar hafnir fá ekki ríkisstyrk vegna þessa ákvæðis: Faxaflóahafnir, Kópavogshöfn, Hafnarfjarðarhöfn og hafnir í Fjarðabyggð. Hafnasamband Íslands telur mikilvægt að samgönguyfirvöld geri höfnum grein fyrir þeim viðmiðunum og reglum sem gilda um þær hafnir sem tilgreindar eru og með hvaða hætti þær geti haft áhrif á aðrar hafnir í framtíðinni.

Þá telur stjórn Hafnasambands Íslands að rými sé fyrir talsvert meiri umfjöllun um hafnir í þeim tveimur samgönguáætlunum sem lagðar eru fram. M.a. þar sem ítarlegar verði fjallað um þróun flutninga til og frá Íslandi, þróun í komum farþegaskipa, aðgerðir í orkuskiptum í höfnum, tækifæri í höfnum til hagvaxtar og atvinnusköpunar og stefnu varðandi hafnamál almennt. Athygli er vakin á því að þó svo að flutninga- og fiskihafnir séu í eigu sveitarfélaga þá eiga sveitarfélögin engan fulltrúa í Samgönguráði. Hafnasambandið telur því mikilvægt að eigendur hafna hafi aðkomu að gerð samgönguáætlana.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands

